


AKRANES

KYNFERÐISLEG OG KYNBUNDIN ÁREITNI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011 og 2013

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	5
KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	7
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU	9
SAMANTEKT	11

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	5
Mynd 2. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019.....	6
Mynd 3. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. ..	7
Mynd 4. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019.	8
Mynd 5. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitinu á vinnustaðnum?.....	9
Mynd 6. Hver var gerandinn í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum?	10

INNANGUR


Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni skoðuð fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013. Skýrslunni er skipt upp í fjóra hluta; (1) Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað, (2) Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu og (4) Samantekt.

Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 var kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni mæld með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oft en einu sinni. Útskýrt var á undan spurningunum að kynferðisleg áreitni fæli í sér kynferðislegar athafnir, hegðun eða athugasemdir sem beinast að einstaklingi og eru gegn hans samþykki eða vilja. Kynbundin áreitni er særandi eða niðurlægjandi framkoma í garð kvenna og karla vegna kyns þeirra, t.d. konur eru..., karlar eru..., án þess þó að vera kynferðisleg.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,6-2,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist 2,2% í fyrirlögninni 2010.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni oftar en einu sinni er hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en lægra í fyrirlögninni 2013.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,0-1,1% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist 0,9% í öllum fyrirlögnum spurningalistans.




Mynd 2. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019

Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 0,6-4,4%, hæst í fyrirlögninni 2010 og lægst í fyrirlögninni 2013 þannig að hlutfall þeirra sem upplifið kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað lækkaði milli allra fyrirlagna, sérstaklega á milli fyrirlagnanna 2010 og 2011. Einnig sýna niðurstöðurnar að kynferðisleg áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögninni 2010 en lægri í fyrirlögnunum 2011 og 2013.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 1,9-2,0%, mældist 1,9% í fyrirlögninni 2010 og svo 2,0 bæði í fyrirlögninni 2011 og 2013.

KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni.




Mynd 3. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-3,6% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist 1,6% í fyrirlögninni 2010.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir kynbundinni áreitni oftar en einu sinni er lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en hærra í fyrirlögninni 2013.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,8-2,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-1,4%.




Mynd 4. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2019.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 1,4-4,3%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að kynbundin áreitni mældist lægri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en hærri í fyrirlögninni 2013.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynbundin áreitni mældist á bilinu 3,2-3,3%, mældist 3,2 í fyrirlögnunum 2010 og 2011 og 3,3 í fyrirlögninni 2013.

GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu á vinnustað. Spurt var: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 5. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitninu á vinnustaðnum?

Sjá má að algengast var að stjórnandi vinnustaðar hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en vinnufélagi í öllum tilvikum í fyrirlögninni 2013. Sjá má að hlutfall stjórnenda sem gerandi í kynferðislega áreitninu í fyrirlögnunum 2010 og 2011 mældist mun hærra hjá starfsfólkinu en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans og svo þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi.



Mynd 6. Hver var gerandinn í kynbundna áreitni á vinnustaðnum?

Sjá má að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitni en í helmingi tilvika var stjórnandi einnig nefndur sem gerandi í fyrirlögninni 2011. Sjá má að hlutfall stjórnanda sem geranda í kynbundna áreitni mældist mun hærra hjá starfsfólkinu en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011 og 2013. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013. Fjallað er um kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað, kynbundna áreitni á vinnustað og gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu.

Niðurstöðurnar sýna að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 0,6-4,4%, hæst í fyrirlögninni 2010 og lægst í fyrirlögninni 2013 þannig að hlutfall þeirra sem upplifið kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað lækkaði milli allra fyrirlagna, sérstaklega á milli fyrirlagnanna 2010 og 2011. Einnig sýna niðurstöðurnar að kynferðisleg áreitni mældist hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögninni 2010 en lægri í fyrirlögnunum 2011 og 2013.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 1,4-4,3%, hæst í fyrirlögninni 2011 og lægst í fyrirlögninni 2013. Einnig má sjá að kynbundin áreitni mældist lægri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en hærri í fyrirlögninni 2013.

Algengast var að stjórnandi vinnustaðar hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu í fyrirlögnunum 2010 og 2011 en vinnufélagi í öllum tilvikum í fyrirlögninni 2013. Sjá má að hlutfall stjórnenda sem gerandi í kynferðislega áreitninu í fyrirlögnunum 2010 og 2011 mældist mun hærra hjá starfsfólkinu en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna.

Algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu en í helmingi tilvika var stjórnandi einnig nefndur sem gerandi í fyrirlögninni 2011. Sjá má að hlutfall stjórnanda sem geranda í kynbundna áreitninu mældist mun hærra hjá starfsfólkinu en hjá starfsfólki allra sveitarfélaganna.

